

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda fyrir yfirdómi, Sveini yfirdómslögmanni Björnssyni, greiðist úr landssjóði málfutningsmannskaup fyrir yfirdómi, 25 krónur.

Nr. 35/1913.

Erasmus Gíslason

gegn

G. Gíslason & Hay.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hið stefnda firma G. Gíslason & Hay fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Erasmusi Gíslasyni verzlunarmanni, til greiðslu á 233 kr. 50 a. viðskiftaskuld, en í sambandi við það höfðaði áfrýjandi gagnsök á hendur firmanu og krafðist þess, að það væri dæmt til að skila sér 1000 kr. víxli, er hann hefði að fullu innleyst, eða greiða sér upphæð víxilsins með 6% vöxtum frá sáttakærudegi gagnsakar til borgunardags, og með eða án skuldajafnaðar við kröfurnar í aðalsökinni. Málum þessum lauk á bæjarþinginu með dómi, uppkevðnum 6. marz þ. á., á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 233 kr. 50 a. með vöxtum frá 15. júlí 1911 til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað í aðalsökinni, en í gagnsökinni var stefndi syknaður og málskostnaður látinn

falla niður. Þessum dómi hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. júlí þ. á. og endurtekið þar kröfur sínar fyrir bæjarþinginu og ennfremur krafist málskostnaðar fyrir báðum réttum. Af stefnda hálfu er krafist staðfestingar á dómnum í öllum atriðum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Sem heimild fyrir kröfu sinni hefir stefndi lagt fram víxil að upphæð kr. 133,50 og skuldabréf fyrir kr. 100, hvorttveggja útgefið af áfryjanda, og fallið í gjalddaga. Vixilkrafan véfengir áfryjandi eigi að sé rétt, en um skuldabréfið heldur hann því fram, að þær 100 kr., sem það hljóðar um, hafi áður verið greiddar stefnda, með því að þær séu í rauninni hluti af 1000 kr. víxilupphæð, er ræðir um í gagnsökinni og áfryjandi hafi verið búinn að borga, þegar hann gaf út skuldabréfið. En frásögn áfryjanda um þetta og ástæðunni til þess, að hann gaf út bréf þetta fyrir skuld, sem hann þóttist vera búinn að borga, hefir stefndi mótmælt og áfryjandi eigi fært sönnur á, að hún sé rétt. Verður því að dæma áfryjanda til að greiða stefnda fyrrtaldar upphæðir báðar, samtals kr. 233 50 a. með vöxtum eins og segir í dómnum.

Tildrög gagnkröfunnar eru þau, að árið 1908 gaf áfryjandi út víxil til stefnda fyrir 1000 kr., er féll í gjalddaga 25. ágúst s. á. Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, 29. júlí 1909, var áfryjandi dæmdur til að greiða stefnda þennan víxil, og virðist hann hafa gert það í desembermánuði s. ár; víxillinn fekk hann þó eigi jafnframt afhentan, en stefndi gaf honum kvittun fyrir greiðslunni. — Áfryjandi heldur því fram, að sér hafi verið áriðandi að fá í hendur víxilinn, til þess að verða ekki aftur krafinn borgunar á honum. En hann gerði þó enga ráðstöfun

til að fá stefnda skyldaðan til að skila sér vixlinum eða fá hann ónýttan með dómi, fyr en hann hóf gagnsökina í máli þessu 19. nóv. f. á., en þá var vixillkrafan fyrnd samkvæmt 12. kap. vixillaganna 13. jan. 1882, og vixillinn ógildur og verðlaus, hvort heldur í höndum stefnda eða annara, og gat því áfrýjanda eigi staðið það á neinu, að ná honum til sín, en auk þess er það nú upplýst fyrir yfirdóminum, að vixill þessi er eða hefir verið í vörzlum bæjarþingsréttarins síðan hann var lagður fram í fyrgreindu vixilmáli.

Samkvæmt þessu verður að sýkna stefnda að því er gagnsökina snertir, og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Estir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Erasmus Gíslason greiði stefnda G. Gíslason & Hay 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.